

Laugardalshólar í Árnassýslu.
Efnasamsetning kalds vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-91-07

LAUGARDALSHÓLAR Í ÁRNESSÝSLU
Efnasamsetning kalds vatns

Þann 18. maí 1988 voru tekin sýni úr tveimur köldum lindum í landi Laugardalshóla, Laugardalshreppi Árnessýslu. Úr annarri lindinni var tekið svo kallað heilsýni (88-9026), þar sem öll aðalefni voru greind, en úr hinnari var tekið hlutsýni (88-9027) þar sem aðeins nokkur efni voru efnagreind. Rennsli hafði verið mælt úr lindunum eftir að þær komu saman og reyndist það vera um 35 l/s (Kjartan Lárusson, uppl.). Niðurstöður efnagreininga eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Númer	88-9026	88-9027
Hiti (°C)	4,3	4,3
Sýrustig (pH/°C)	9,3/23	9,3/23
Kísill (SiO ₂)	16,0	
Natríum (Na)	10,1	
Kalíum (K)	0,35	
Kalsíum (Ca)	5,1	
Magnesíum (Mg)	0,53	
Járn (Fe)	0,0	0,0
Mangan (Mn)	<0,05	<0,05
Karbónat (CO _{2(t)})	15,8	15,3
Súlfat (SO ₄)	3,4	
Brennist.vetni (H ₂ S)	<0,03	<0,03
Klóríð (Cl)	5,2	
Flúoríð (F)	0,08	
Uppleyst efni	55	
Uppleyst súrefni (O ₂)	10	

Efnagreining vatnsins sýnir að hér er um ferskt og gott lindavatn að ræða, og styrkur þungmálmanna járn og mangans er hverfandi. Það er því ekkert sem bendir til annars en hér sé um gott lindavatn að ræða til mannelis eða fisk- og seiðaeldis.

Magnús Ólafsson